

Við upphaf 6. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- að leggja saman (samlagning) upp í tugþúsundir
- að draga frá (frádráttur) tugþúsundir
- að margfalda með tugum og geyma
- að deila með einni tölu upp í þúsund
- að námunda að tug og hundraði
- að þekkja stærð almennra brota
- að breyta tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot
- að breyta einföldum almennum brotum í tugabrot
- að leggja saman tugabrot með tveimur aukastöfum

Hlutföll og prósentur

- samspil almennra brota, tugabrota og prósentu í hlutfalli
- að gera sér grein fyrir að $\frac{1}{2}$, 0,5 og 50% = helmingur
- að finna % af ákveðinni heild

Mynstur og algebra

- að lesa úr grafi (2 stærðir)
- hvernig víxla má tölum (plús og margföldun)
- að vinna með óþekktar stærðir ($x + 4 = 9$)

Rúmfræði og mælingar

- kynnast stærð horna
- að rétt horn er 90 gráður, hringur er 360 gráður
- að spegla einfaldar myndir um ás
- að finna samhverfuás í tvívíðum myndum
- að þekkja snúning um punkt
- mælieiningar km, m, cm, mm, kg, gr, l, dl
- flatarmál, ummál
- að þekkja þrívíddarhugtök teningur, þrístrendingur, ferstrendingur, pýramídi, keila og sívalningur
- að finna geisla (radíus) og þvermál hrings

Tölfræði og líkur

- að nota hugtök meðaltal, hæsta-, mið-, tíðasta og lágsta gildi
- að meta líkur út frá gefnum forsendum

Við lok 6. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- samlagning að tugþúsund
- frádráttur að tugþúsund
- margföldunartaflan 1-10 og margföldun með tugum
- deiling með tugum
- tugabrot + og -
- tugabrot margföldun og deiling með heilum tölum
- finna samnefnara, stytta og lengja almenn brot
- margfalda almennt brot með heilli tölu
- almenn brot. Samlagning og frádráttur heilla talna og samnefndra brota

Hlutföll og prósentur

- finna tiltekinn hluta af heild
- breyta prósentum í almenn brot
- reikni 10%, 25% og 50% af ákveðinni heild

Mynstur og algebra


- finni tölu sem x stendur fyrir í jöfnu, $2 * x + 3 = 11$ (röð aðgerða)
- víxlregla
- tengiregla
- dreifiregla

Rúmfræði og mælingar

- mæla horn með gráðuboga.
- reikna flatarmál og ummál réttthyrninga og þríhyrninga
- þekki reglur um ummál, flatarmál og ummál einfaldra hluta
- hornasumma þríhyrnings
- vinna með rúmmál og mæla rúmmál í ml
- teikna þríhyrning út frá gefnum stærðum
- finna punkta í hnitakerfi
- þekki breytileika þrívíðra forma m.t.t. fjölda horna, flata og brúna

Tölfræði og líkur

- meðaltal og miðgildi
- líkur t.d. með teningum og fjölda
- kann skil á tíðnihugtakinu og kúrfu normaldreifingar



Myllubakkaskóli

Vinum saman

Verkferill í stærðfræði

6. bekkur

„Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hvert kaflapróf.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

1. Innlögn

Innlögn á efnisatriði/atridum. Haft er samband við forráðamenn þeirra nemenda sem gætu átt erfitt með að tileinka sér efnispættina. (3 - 4 vikur)

2. Gátlisti fyrir könnun

Nemendur og foreldrar fá gátlista viku fyrir könnun (5 virkir dagar).

3. Upprifjun

Fyrir hvert kaflapróf skulu vera tveir upprifjunartímar, jafnvel fleiri. Kennari metur þörf.

4. Könnun

Viðmið um árangur er eftirfarandi:

Yngsta stig 80%

Miðstig 75%

Unglingastig 70%(eða einstaklings-miðað).

5. Eftirfylgni

Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum (miðar heim / verkefnabók).

Nemendur fá viku í upprifjun heima fyrir (og e.t.v. í skóla) áður en kannað er hvort að þau hafi náð að tileinka sér það sem upp á vantar.

6. Gagnabanki

rasmus.is

vefir.nams.is/stika

vefir.nams.is/krakkasidur

matematikonline.dk